

Um **LESTRARMENNINGU**

Íslendingar hafa löngum litið á sig sem bókaþjóð þar sem hlutfall læsra hefur að jafnaði verið hátt og menningararfurinn, sem fólgin er í gamalli sagnahefð og birtist meðal annars í Íslendingasögunum, hefur mótað sjálfsmynd þeirra og veitt þeim sérstöðu á alþjóðavísu. Svo virðist sem nýrri kynslóðir samsami sig í minna mæli við slíka sjálfsmynd enda keppir orðið æði margt um tíma fólks og áhrif samfélagsmiðla og erlends afþreyingarefnis, sem er ávallt við höndina í nettengdum tækjum, gerir það að verkum að minni tíma er varið við lestur á fjölbreyttum, samfelldum texta. Það er ekki bitið úr nálinni varðandi það hvaða áhrif þetta mun hafa til framtíðar en kennarar telja sig farna að sjá ummerki um hnignandi orðaforða hjá yngra fólki og skírskotanir í fyrirbæri sem eiga uppruna sinn í erlendum afþreyingariðnaði verða sífellt ríkari hluti af sameiginlegum tilvísunarheimi bæði ungra og jafnvel þeirra sem eldri eru. Það er því ástæða að staldra við, gefa sér tóm til að íhuga vandlega næstu skref og taka meðvitaða ákvörðun um stefnu svo leiðarendinn verði fyrirséður og komi ekki á óvart.

Samfélag hvers skóla hefur töluverð áhrif á börn enda eyða þau stórum hluta mótunarára sinna innan skólakerfisins. Það viðkvæði heyrst gjarnan að grunnskólanum beri að taka að sér fjölbreytta fræðslu varðandi samfélagsleg þjóðþrifamál eins og forvarnir á ýmsum sviðum og er þetta viðurkenning á þeim áhrifum og svigrúmi sem skólar hafa til að móta og hafa áhrif börn. Í hverjum skóla er að finna meðvitaðar eða ómeðvitaðar áherslur á gildi sem skapa ákveðinn skólabrag og forgangsröðun í skólastarfinu. Í ljósi vísbendinga um að læsi hér á landi hafi farið hnignandi hafa margir skólar lagt aukna áherslu á lestur og þátttaka í Lesferilsprófum MMS bendir til þess að skólasamfélagið sé farið að vinna markvissar með lesfimi og læsi í víðara samhengi. Um leið og lestrarkennsla og þjálfun verður umfangsmeiri í skólastarfi verður til krafa um að setja hvort tveggja í merkingarbært samhengi fyrir nemandann, að hann fái tækifæri til að axla ábyrgð á eigin læsi og öðlist skilning á gildi þess fyrir nám og yndi. Lestrarmenning skólans er þetta merkingarbæra samhengi og verður hún til úr áherslum, væntingum og tækifærum sem skólarnir skapa sjálfir að því gefnu að þeir hafi svigrúm til þess. Þar gegna vel búin og vel mönnum skólasöfn eða almenningsbókasöfn lykilhlutverki, þau eru hjarta lestrarmenningar hvers skóla- og nærsamfélags. Við mótun lestrarmenningar þarf því hver skóli og hvert samfélag að spyrja sig að því hvað það sé sem gefi til kynna að lestur og læsi skipi hjá því stóran sess og hvernig það sjái hjá sér eflingu lestrarmenningar til framtíðar en andrúmsloft lestrarmenningar ríkir í skóla þar sem hvatt er til og þess vænst að allir innan skólasamfélagsins lesi (Daniels og Steres, 2011).

Hlutverk Læsisvefsins er að miðla til skóla verkfærum til íhlutunar í lestrarkennslu og efla þá í viðleitni sinni til að bæta læsi hjá sér. Listi yfir mögulegar leiðir til að efla lestrarmenningu getur aldrei orðið tæmandi en hægt er að leita fanga víða, bæði hjá einstökum skólasöfnum og svo hjá almenningsbókasöfnum sem hafa lagt sérstaka áherslu á lestrarmenningu barna. Við munum setja inn á vefinn nokkur verkfæri til að koma skólum af stað en köllum jafnframt eftir góðum hugmyndum sem gætu nýst þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref við að byggja upp öflugna lestrarmenningu í sínum skóla.

Heimildaskrá

Daniels, E. og Steres, M. (2011). Examining the effects of a school-wide reading culture on the engagement of middle school students. *RMLE Online*, 35(2), 1–13.